



Skólaskrifstofa
Austurlands

Unnið úr REDING
ROCKETS <http://www.rea.dingrockets.org/>

Lestraráð fyrir foreldra - 1. bekkur

Veitið barninu eins mörg tækifæri og þið getið fyrir það að lesa upphátt og hvetjið það til að æfa sig á hverjum degi!

Eftirfarandi ráð geta hjálpað barninu þínu að nálgast lesturinn á jákvæðan hátt og ná góðum tókum á lestrarnáminu og verða "góður lesari". Prófið nýtt verkefni í hverri viku og sjáið hvað barnið ræður við. Ef barnið er ekki tilbúið í ákveðið verkefni, geymið það, þar til þroski þess kemst á viðkomandi stig.

Takið bækur með ykkur

Takið alltaf með ykkur bækur eða blöð hvert sem þið farið: gott er að grípa í "lesmál" þar sem þið þurfið að bíða s.s. hjá læknum eða á hárgreiðslustofunni. Reynið alltaf að læða LESTRINUM að, sparið spjaldtölvuna.

Einu sinni er ekki nóg

Hvettu barnið til að lesa upphaldsbókina eða ljóðið sitt oftar en einu sinni. Endurtekinn lestur hjálpar barninu að ná nákvæmni og sjálfvirkni í lestrinum.

Kafið í söguþráðinn

Spyrðu barnið út í söguþráðinn í bókinni sem það/þið hafið lesið. "*Hvers vegna heldur þú að að kisi hafi komið til baka?*"

Að velja lestur eins og sjónvarpið eða tölvuna

"Lestur" á erfitt með að keppa við sjónvarpið eða tölvuleiki. Hvetjið barnið til að velja lestur eins og að horfa á sjónvarp, fara í tölvuleiki eða spjaldtölvuna.

Verið polinmóð

Þegar barnið þitt á erfitt með að hljóða óþekkt orð, gefðu því tíma til þess. Minntu barnið á að skoða vel fyrsta hljóðið og síðan hin hljóðin. Hjálpið þó barninu áður en polinmæði þess þrýtur.

Veljið rétt þyngdarstig bóka

Hjálpíð börnunum við val á lestrarbókum. Ekki of léttar og ekki of þungar. Gætið þó að valið sé ekki of einhæft.

Leikið orðaleiki

Leikið með hljóðin og orðin. Prófið að breyta orðum með því að skipta út hljóðum. "Hvernig breytir þú *mús* í *fús* (fremsta hljóð); *raka* í *raki* (aftasta hljóð), og *lifa* í *lofa* (miðjuhljóð/innhljóð)?"

Ég les fyrir þig - þú lest fyrir mig

Skiptist á að lesa áður en farið er í háttinn. Börn njóta samveru og lesturs með foreldrum.

Leiðréttið varlega

Leiðréttið rangt lesin orð varlega, bendið á orðið og lesið það rétt og látið barnið lesa það aftur, þá festist það betur í minni þess. Hafið í huga að börn, sem eru að byrja að lesa, giska oft á orð út frá fyrsta staf þess.

Talið - talið - talið!

Talið við barnið á hverjum degi um skólann og tilveruna. Fléttið ný og áhugaverð orð inn í samræðurnar og læðið orðum, sem þið hafið áður "kennt", inn í umræðurnar. Þessi vinna eykur orðaforðann.

Skrifið - skrifið - skrifið!

Biðjið barnið um að hjálpa ykkur við að skrifa innkaupalistann, bréf eða dagbók. Þegar barnið skrifar hvetjið það til að nota bókstafina og hljóðin sem það hefur lært í skólanum.

Haldið áfram að lesa

Haldið áfram að lesa fyrir barnið á hverjum degi. Það eykur orðaforða og lesskilning.



GANGI YKKUR VEL:)